



Viðstaddir

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kóp
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk
Björg Fenger	BF	G.bæ
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafn
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

08.12.2021

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 08.12.2021 kl. 11:00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 09.11.2021 samþykkt samhljóða.

2 Lyftur Bláfjöll

Rífa þarf núverandi lyftur næsta sumar. Verkefnið er lítt skilgreint enn og óvissa um kostnað m.a. vegna hugsanlegra nýtingamöguleika staura ofl áfram á svæðinu og endursölu á málmhlutum og vírum lyftanna.

- MÁ skerpir áætlanir Skíðasvæðanna um þeirra þátt í niðurrifi og endurnýtingu
- Það sem eftir stendur mun EKS skilgreina og etv vinna verðfyrirspurnargögn. Skynsamlegt að Doppelmayr fái tækifæri til að bjóða í verkið
 - ⇒ Ljúka þarf ofangreindu tímanlega fyrir framkvæmdir næsta vor

Farið yfir tillögur Doppelmayr m.t.t. útlits og náttúrulegrar lýsingar botnstöðva, sem felst í álguggum með gleri. Kostnaður áætlaður 8-10 m.kr.

- ⇒ EKS falið að klára málið innan samþykktar SSH

EKS hefur kallað eftir og fengið greinargerð Doppelmayr um stöðu verkefnisins. Ljóst að verkstaðan er ekki skv. greiðsluáætlun og því ekki innistæða fyrir greiðslu næsta reiknings í viku 50. Jafnframt liggur fyrir að óheppilegt er að flytja fjárveitingar milli ára.

- ⇒ Ákveðið að EKS leggi til við Doppelmayr að reikningur verði gefinn út í byrjun jan með dagsetningu í lok des. Verkstaðan verði endurmetinn og greitt inn á reikninginn skv. verkstöðu – eða að fullu ef tilefni er til

EKS kynnti lauslega samskipti við Doppelmayr um tæringarvarnir stálhluta. Markmiðið er að tryggja sameiginlega sýn og tryggja að kröfur útboðsgagna séu uppfylltar.

EKS gerði grein fyrir samráði við opinbera leyfisveitendur og byggingayfirvöld. EKS viðheldur samráði við HEHK, UST o.fl. vegna þeirra „regnhlífarleyfa“ sem aflað var í byrjun verks, en Doppelmayr sér um öll afmarkaðri leyfi s.s. byggingaleyfi, leyfi vegna mengunarvarna, samráð við VER, HEHK, Kóp, Ölfus o.fl.

EKS fór í gegnum minnisblað um snjóflóðahættu í Bláfjöllum og þau gögn sem þar er vísað til. Er þar sérstaklega vísað til Gosa.

- ⇒ Megin niðurstaðan er sú að Gosi uppfyllir kröfur matsins og veðurstofunnar
- ⇒ EKS falið að gera uppdrátt þar sem staðsetning/lega Gosa er sett í samhengi við snjóflóðahættumatid s.s. staðsetningu á línu C, staðsetning mastra m.t.t. svæðisskipts ástreymisprýstings o.fl.

3

Salerni

Farið gegnum mbl. MÁ um salernismál á Suðursvæði og næstu skref. Líklegt að verð fari hækkandi vegna hækkunar á flutningum, hrávöruverði/byggingavörum o.fl. Á móti kemur að framkvæmdatími næsta sumar er heppilegri/ódýrari en áformað var síðla hausts og í vetur.

- ⇒ MÁ falið að bjóða salernin aftur út
 - Útboðstími sem fyrst (jan)
 - Framkvæmdatími sveigjanlegur – skil fyrir næsta vetur
 - Endurskoða útboðsgögn og verklýsingar eftir föngum með það að markmiði á ná niður kostnaði
 - Útboðsgögn og kostnaðaráætlun komi fullgerð til verkefnahóps til rýni fyrir útboð

4

Skálafell

Farið gegnum mbl. VSÓ um líftímakostnað og greiningu á kostum og göllum.

- Stofnkostnaður kynntur nokkru hærri en áður vegna hækkunar á hrávöruverði og byggingavörum
- Líftímakostnaður metin áþekkur fyrir báða kosti, en næmni niðurstöðunnar er mikil fyrir áætluðum 20 ára endurnýjunarkostnaði – sem mikil óvissa er um
- Flækjustig, gallar og stóraukin áhætta sem felst í innkaupaferli notaðrar lyftu vegur þungt
 - ⇒ Ákveðið að senda málið til umræðu í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Samhliða framangreindu þarf að taka umræðu um framtíðarsýn á alla innviði og skála í Skálafelli.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn